



Reykjavíkurborg



ARKITEKTAFÉLAG
ÍSLANDS

hugmyndasamkeppni.is

Dómnefndarálit

Hugmyndasamkeppni um skipulag Háskólasvæðisins



Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands
í samstarfi við Arkitektafélag Íslands

05.06.2014

Aðdragandi og undirbúningur

Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg efndu sameiginlega til hugmyndasamkeppni um skipulag Háskólasvæðisins nú á útmánuðum. Aðdraganda samkeppninnar má rekja til 100 ára afmælis Háskólans árið 2011 en þá lýstu stjórnendur skólans og borgarinnar yfir vilja til að setja fram sameiginlega framtíðarsýn varðandi svæðið og í kjölfar þess var gefin út viljayfirlýsing á síðastliðnu ári, þar sem rektor og borgarstjóri lýstu sig sammála um að standa að skipulagssamkeppni um svæðið. Samkeppnin fór formlega af stað þann 21. febrúar og frestur til að skila inn tillögum rann út 12. maí.

Svæði Háskóla Íslands er áhugavert fyrir margra hluta sakir, þar eru heimkynni æðsta menntaseturs landsins og þar að auki er þar að finna einhverjar dýrmætustu menningarstofnanir þjóðarinnar, eins og Þjóðminjasafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og þar mun bygging Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur rísa. Þá er á svæðinu að finna einstakar byggingar, eins og Norræna húsið, og sérstök útivistarsvæði, eins og Friðlandið austan við Skeifuna. Lega svæðisins í námunda við miðborgina gerir það síðan sérstaklega áhugavert fyrir þá sem láta sig skipulag höfuðborgarinnar varða. Deiliskipulagsáætlanir hafa verið unnar fyrir hluta svæðisins en þetta er í fyrsta sinn sem skipulag fyrir svæðið í heild sinni er undirbúið og því þótti viðeigandi að efna til opinnar samkeppni þannig að sem flestir gætu lagt fram hugmyndir að framtíðarlandnotkun og uppbyggingu þessa mikilvæga svæðis.

Þátttakendur gátu skilað inn heildarhugmyndum sínum að framtíðarskipulagi eða lagt hugmyndir inn í umræðuna um þetta þýðingarmikla verkefni. Aðeins tillögur sem fólu í sér heildarlausn alls svæðisins komu til greina til verðlauna en tillögur þar sem einungis hluti svæðisins er tekinn fyrir komu, eftir atvikum, til greina vegna innkaupa og viðurkenninga fyrir athyglisverðar tillögur.

Meginmarkmið samkeppninnar voru:

- Að fá fram heildstæðar tillögur um samkeppnissvæðið.
- Að fá fram tillögur sem undirstriki sérstöðu svæðisins og efli það sem menningarkjarna í borginni.
- Að skapa virkt og aðlaðandi svæði með góðum tengingum, bæði innbyrðis og við nærliggjandi svæði.
- Að fá fram frjóar en um leið raunhæfar hugmyndir um framtíðarnýtingu og skipulag Háskólasvæðisins.
- Að samgöngur og uppbygging á svæðinu verði samtvinnuð, þar sem lögð sé áhersla á almenningssamgöngur og göngu- og hjólaleiðir.

Dómnefnd

Sjö manna dómnefnd skipuðu eftirtaldir:

Tilnefndir af verkkaupum:

Salvör Jónsdóttir, skipulagsfræðingur, formaður.
Trausti Valsson, skipulagsfræðingur og prófessor, Háskóla Íslands.
Anna Dóra Sæþórsdóttir, landfræðingur og dósent, Háskóla Íslands.
Nikulás Úlfar Músson, arkitekt og skrifstofustjóri, Reykjavíkurborg.

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Anna María Bogadóttir, menningarfræðingur og arkitekt FAÍ.
Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt FAÍ.

Tilnefnd af Félagi íslenskra landslagsarkitekta:

Hlín Sverrisdóttir, landslagsarkitekt FÍLA og skipulagsfræðingur SFFÍ.

Ritarar dómnefndar:

Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri, Háskóla Íslands.
Björn Ingi Edvardsson, landslagsarkitekt og verkefnastjóri, Reykjavíkurborg.

Trúnaðarmaður, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands:

Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ.

Dómnefnd áskildi sér rétt til að kalla til eftirtalda ráðgjafa:

Ingjaldur Hannibalsson, prófessor og formaður skipulagsnefndar Háskóla Íslands.

Fulltrúar stofnana og fyrirtækja á samkeppnissvæðinu.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Kjörnir fulltrúar – einn frá hverjum flokki sem sæti eiga í borgarstjórn Reykjavíkur.

Dómnefndarstörf: Mat tillagna og niðurstaða dómnefndar

Keppnisformið var hugmyndakeppni, sbr. samkeppnisreglur Arkitektafélags Íslands. Hugmyndasamkeppnin var opin öllum sem uppfylla skilyrði keppnislýsingarinnar. Vonir verkkaupa stóðu til þess að verðlaunaðar hugmyndir yrðu nýttar í áframhaldandi vinnu við gerð rammaskipulags fyrir svæðið.

Fyrirspurnarfrestur var til 4. apríl 2014. Dómnefnd bárust engar fyrirspurnir í samkeppnina. Upphaflegur skilafrestur í keppnina var til 25. apríl en dómnefnd ákvað, í samráði við verkkaupa, að framlengja frestinn til 12. maí 2014.

Tillögum skyldi skila til trúnaðarmanns, mánudaginn 12. maí 2014 kl. 14–16 í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

Dómnefnd hélt alls 13 fundi og lagði mat á innsendar tillögur og lagði til grundvallar þau markmið og áherslur sem komu fram í keppnislýsingu. Alls bárust sex tillögur í keppnina, þar af fimm sem náðu til svæðisins alls og ein sem fjallaði um afmarkað þema. Þátttaka í hugmyndasamkeppninni er því mun minni en vonir aðstandenda stóðu til. Höfundar þeirra sex tillagna sem bárust eiga í því ljósi skilið sérstakar þakkir fyrir að takast á við verkefnið.

2.-3. verðlaun, kr. 1.000.000 auk vsk., hlýtur tillaga nr. 1, auðkennd 10199.

2.-3. verðlaun, kr. 1.000.000 auk vsk., hlýtur tillaga nr. 5, auðkennd 12388.

Nafnleynd var rofin á dómnefndarfundi, 2.6.2014, að viðstöddum trúnaðarmanni. Nöfn höfunda tillagnanna komu fram með hverri tillögu. Þegar nafnleynd var rofin kom í ljós að höfundar vinningstillagna voru eftirtaldir:

Tillaga nr. 1, auðkennd 10199.
Höfundur: VA arkitektar

Tillaga nr. 5, auðkennd 12388.
Höfundur: ASK arkitektar ehf

Aðrar innsendar tillögur: sérstök viðurkenning fyrir þátttöku að upphæð 100.000 kr. með vsk. hver tillaga sem nær til alls svæðisins og 50.000 kr. fyrir þematillögu.

Niðurstaða dómnefndar:

Eftir yfirferð tillagna, var dómnefnd sammála um niðurröðun tillagna í verðlaunasæti. Á fundi sínum þann 02.06.2014 komst dómnefnd að eftirfarandi niðurstöðu:

Alls bárust sex tillögur í keppnina, þar af fimm sem náðu til svæðisins alls og ein sem fjallaði um afmarkað þema. Þátttaka í hugmyndasamkeppninni er því mun minni en vonir aðstandenda stóðu til. Þeir sex aðilar sem skiluðu inn tillögum eiga í því ljósi skilið sérstakar þakkir fyrir takast á við verkefnið.

Fimm tillögur komu til álita til verðlauna og fór dómnefnd yfir þær með tilliti til þeirra áherslna sem birtar voru í keppnislýsingu. Á grundvelli þeirra komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að veita 1. verðlaun í keppninni þar sem áherslum dómnefndar væru ekki gerð fullnægjandi skil í neinni þeirra, eins og fram kemur í umsögnum. Tvær tillögur hljóta hins vegar verðlaun, önnur auðkennd 12388 og hin 10199, og hljóta þær í sameiningu 2. til 3. verðlaun. Í báðum þessum tillögum sést að hægt er að koma umtalsverðu byggingarmagni fyrir á svæðinu og þar með að Háskóli Íslands getur vaxið á þessum stað en stofnanir og fyrirtæki á svæðinu jafnframt notið sín. Tillögurnar eru ólíkar hvað varðar yfirbragð og byggðamynstur, sem sýnir að hægt er að leysa þetta flókna viðfangsefni á margvíslegan hátt.

Til viðbótar við veitt verðlaunin ákvað dómnefnd að aðrar tillögur fengju sérstaka viðurkenningu fyrir þátttöku í samkeppninni.

Tillaga nr. 1, auðkennd 10199

Höfundar: VA arkitektar

2.-3. sæti

Höfundar:
VA arkitektar

Teymi:
Richard Ólafur Briem
Indro Indriði Candi
Anna Sigríður Jóhannsdóttir
Heba Hertervig
Karl Magnús Karlsson
Sigurður Björgúlfsson
Steinunn Halldórsdóttir

Umsögn dómnefndar:

Í tillögunni er leitast við að skapa heildstæða mynd af Háskolasvæðinu með því að ramma svæðið inn en jafnframt tengja það við aðliggjandi svæði. Höfundar gera ráð fyrir töluvert mikilli uppbyggingu, þéttingu og blöndun.

Gott flæði er á milli svæðanna vestan og austan Suðurgötu og hún útfærð sem borgargata eins og gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur. Umfang bygginga er mikið og víða gróft og álitamál er hvort það dragi ekki úr svigrúmi til þess að skapa aðlaðandi græn dvalarsvæði. Í texta er þó fjallað um græn svæði en þau eru ekki sýnd að sama skapi á uppdrætti.

Hæð bygginga er í samræmi við aðra byggð og bílastæði eru færð í bílakjallara.

Gerð er grein fyrir mögulegri stækkun fræðasviðanna fjögurra á svæðinu í framtíðinni (Hugvísindasviðs, Félagsvísindasviðs, Menntavísindasviðs og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs) en ekki gerð grein fyrir tengingu við Heilbrigðisvísindasvið.

Gert er ráð fyrir uppbyggingu stúdentaíbúða á jaðarsvæðum, auk almennra íbúða.


Í tillögunni er Aðalbyggingu Háskólans gert prýðilega hátt undir höfði varðandi ásýnd, en form Skeifunnar fær að halda sér. Þá er tekið er tillit til núverandi atvinnustarfsemi og ýjað er að því að menningar- og safnastarfsemi geti vaxið og dafnað með því að auka við sýninga- og safnarými og að sama skapi er gert ráð fyrir nýjum fyrirtækjum og stofnunum.

Gera hefði mátt betur grein fyrir tengingum við aðliggjandi svæði en lögd er áhersla á tengingu við miðborgina. Lausnin sem sýnd er, er þó ekki talin raunhæf.

Samgöngur innan svæðisins eru ágætlega sýndar á skýringarmynd og þar er sérstaklega hugað að almenningssamgöngum. Gert er ráð fyrir hjóla- og gönguleiðum að undanskildu Vísindagarðasvæði.

Uppdráttur tillögunnar er nokkuð skýr en útfærslu á markmiðum og rökstuðningi er ábótavant og það dregur úr heildarmynd og styrkleika tillögunnar.





Tillaga nr. 2, auðkennd 41404

Höfundar: Skipulags- arkitekta- og verkfræðistofan ehf

Höfundar:
Skipulags- arkitekta- og verkfræðistofan ehf

Teymi:
Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur
Zoltán V. Horváth, arkitekt

Ráðgjöf:
Þorsteinn Þorsteinsson, verkfræðingur

Prívið framsetning:
Gergely Kiss, arkitekt

Umsögn dómnefndar

Megináherslur tillögunnar snúa að endurbótum á samgöngu- og umferðarkerfi, staðsetningu og gerð nýrra bygginga og bættu heildarumhverfi og aðstöðu.

Hugmyndin um að þrengja Suðurgötuna og fækka akreinum úr fjórum í tvær er raunhæf en tillagan um að sökkva götunni að hluta kann að rýra umhverfisgæði svæðisins. Betur hefði mátt gera grein fyrir göngu- og hjólaleiðum í texta og á uppdrætti.

Sterkasta framlag tillögunnar til samgöngumála er hugmyndin um háskólarútu, sem styrkja myndi tengsl á svæðinu innbyrðis og við aðra hluta miðborgarinnar, s.s. fyrirhugaða samgöngumiðstöð í Vatnsmýri. Vandséð er hins vegar hvernig hugmyndir um umfangsmikil umferðarmannvirki milli Gamla-Garðs og Þjóðarbókhliðu samrýmast markmiðum um bætt heildarumhverfi svæðis.

Helstu hugmyndir um nýstárlega uppbyggingu er annars vegar tillaga að þjónustu- og verslunarmiðstöð austan við Hótel Sögu og hins vegar tillaga að nýju íþróttahúsi Háskólans austan Sæmundargötu á svæði Vísindagarða. Að líkindum myndi verslunarmiðstöðin draga að sér aukna bílaumferð og ekki er gerð fullnægjandi grein fyrir því hvar fyrirhugaðri starfsemi Vísindagarða yrði fundinn nýr staður. Aðrar hugmyndir um uppbyggingu (s.s. bílastæðahús undir Skeifunni og byggingar meðfram Friðlandinu) virðast fremur handahófskenndar og tæplega til þess fallnar að skapa heildstæðan ramma um þá starfsemi sem gert er ráð fyrir í framtíðarsýn Háskólans. Ekki er gerð grein fyrir hvernig skipa mætti niður starfsemi einstakra fræðasviða á Háskólasvæðinu.

Hinar nýju byggingar sem gert er ráð fyrir í tillögunni virðast falla vel að núverandi byggðarmynstri Háskólasvæðisins hvað snertir hæð og umfang en hins vegar vantar að skilgreina betur innbyrðis tengsl bygginga til þess að tillagan gefi sterk fyrirheit um virkt og aðlaðandi umhverfi.

Ef frá er talin hugmynd um Náttúruminjasafn austan Öskju og stækkun Þjóðarbókhliðu er ekki sérstaklega gert ráð fyrir aukinni starfsemi menningarstofnana í tillögunni, né virðist hugað að þróunarmöguleikum þeirra stofnana sem fyrir eru á svæðinu.

Settar eru fram hugmyndir um umhverfisbætur á jöðrum svæðisins (t.d. við Hagatorg). Að öðru leyti er ekki fjallað um sóknarfæri sem felast kunna í náttúrugæðum svæðisins.

Tillagan tekur á mörgum þáttum, er snyrtilega fram sett, en greinargerð hefði mátt vera hnitmiðaðri og skipulagshugmyndir betur rökstuddar til að geta talist heildstæð að inntaki og framsetningu.



Tillaga nr. 3, auðkennd 48664

Höfundur: Gunnar Eypórsson

Höfundur:
Gunnar Eypórsson

Umsögn dómnefndar

Megininntak tillögunnar er skipting Háskólasvæðisins í ákveðna, vel tengda kjarna, sem hver hafi sín sérkenni. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig umræddir kjarnar dreifast um skipulagssvæðið eða tengjast innbyrðis.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að Hringbraut sé lyft á móts við Bjarkargötu svo að hleypa megi gangandi og hjólandi umferð undir hana en fyrirkomulag Suðurgötu er óbreytt. Innra götukerfi svæðisins er endurmótað að hluta vestan Suðurgötu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að reist verði tvö bílastæðahús á samkeppnissvæðinu, annað á eystri mörkum þess við Njarðargötu en hitt á vestari hlutanum, austan Háskólabíós. Mjög takmörkuð grein er gerð að öðru leyti fyrir fyrirkomulagi samgangna, ef frá er skilin megingönguleið milli bílastæðahúsanna tveggja.

Höfundur tilgreinir nýtingarhlutfall á nokkrum hluta samkeppnissvæðisins en hugmyndir um uppbyggingu eru að öðru leyti frekar brotakenndar. Í því samhengi hefðu merkingar á uppdráttum verið til bóta. Ljóst er þó að um töluverða uppbyggingu með blandaðri nýtingu er að ræða.

Lagt er til að Skeifunni sé breytt, m.a. með nýbyggingu sunnan hennar, og telja höfundar að það muni styrkja skipulag svæðisins og bæta tengingar við Norræna húsið en þær hugmyndir eru ekki rökstuddar að öðru leyti.

Aukinni menningar- og safnastarfsemi er fundinn staður nyrst á svæðinu, beggja vegna Suðurgötu. Gert er ráð fyrir að ráðstefnuaðstaða verði byggð upp í tengslum við Hótel Sögu og Háskólabíó.

Byggðamynstrið virðist almennt finlegt og það fellur að núverandi byggð. Fremur hóflegt byggingarumfang felur í sér möguleika á aðlaðandi umhverfi, s.s. torgmyndun austan Hótel Sögu og inngarði á austanverðu svæðinu, en fimm hæða bílastæðahús stinga nokkuð í stúf við annað í tillögunni og stefnu Háskólans varðandi bílastæði.

Nokkuð skortir á skýrleika í framsetningu og víða er innbyrðis ósamræmi í texta sem dregur úr gæðum tillögunnar.





Tillaga nr. 4, auðkennd 281808

Höfundur: Örn Sigurðsson

Höfundur:
Örn Sigurðsson, arkitekt

Umsögn dómnefndar

Umferðarmál eru þungamiðja tillögunnar og í henni er lögð áhersla á að að öll bílaumferð um svæðið hverfi, sem er nokkuð á kostnað annarra þátta sem forsendur samkeppninnar taka til.

Lagt er til að Suðurgata verði sett í stökk frá Melatorgi að Hjarðarhaga og meginaðkoma að Háskólasvæðinu verði því frá Njarðargötu í austri og Birkimel í vestri og svo um hugsanlega brú yfir Skerjafjörð úr suðri. Ætla má að aftenging Suðurgötu við Melatorg skapi aukið umferðarálag á aðkomugötur, s.s. Birkimel við Hringbraut sem tengist fjölfarinni leið barna í skóla hverfisins. Í texta er nefnt að með því að fjarlægja gegnumakstur af svæðinu verði til fjöldi göngu- og hjólaleiða en þó er engin þeirra sýnd á skipulagsuppdrættinum.

Auk Suðurgötu, er lagt til að Hringbraut verði lögð í stökk frá Þorfinnstjörn að Melatorgi. Ekki er gerð grein fyrir hvernig þeim umferðarmannvirkjum yrði fyrir komið í borgarmyndinni.

Gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu á samkeppnissvæðinu. Sérstaka athygli vekja randbyggingar norðan við Norræna húsið, auk fimm bygginga meðfram og austan Sæmundargötu, ásamt fjórum eins og hálfrar hæðar byggingum í Skeifunni. Dómnefnd telur þá staðsetningu ekki raunhæfa í ljósi sérstöðu svæðisins. Jafnframt er svæðið norðan fyrirhugaðra nýbygginga í Friðlandinu skilgreint sem helsta framtíðarútivistarsvæði Háskólans og geta randbyggingarnar þar þá varla heldur talist raunhæfar.

Mjög víða er gert ráð fyrir randbyggingum og er álitamál hvort jafn einhæft byggingarform eigi við á svæðinu. Ekki kemur fram hvernig framangreint byggingarmagn skiptist niður á starfsemi Háskóla Íslands og annarra stofnana eða fyrirtækja á svæðinu.


Í tillögunni segir að óhjákvæmilegt sé að endurskoða viðhorf gagnvart eldri byggingum og auðum reitum á svæðinu en útfærslan á þeirri hugmynd í tillögunni er ekki sannfærandi. Takmörkuð umfjöllun er um torg og græn svæði.

Stórbrotið yfirbragð tillögunnar með miklu byggingarmagni á viðkvæmum stöðum og í formi sem að mörgu leyti er framandi á Háskólasvæðinu dregur verulega úr líkum þess að heildaryfirbragð svæðisins uppfylli væntingar um aðlaðandi umhverfi.

Nokkuð skortir á að hugmyndir séu nægjanlega rökstuddar og greinargerð hefði mátt vera ítarlegri.

HÁSKÓLI ÍSLANDS 2014

Hugmyndasamkeppni um skipulag Háskólasvæðisins



Skýringar:

M. 1:2000



Núverandi byggingar



Byggingar eðv. 2014



Byggingar eðv. 2018



Garðir og opin svæði



Mörk samkeppnisvæðisins



Tjarnir og leiðir

1

281808

Tillaga nr. 5, auðkennd 12388

Höfundar: ASK arkitektar ehf

2.-3. sæti

Höfundar:
ASK arkitektar ehf.

Teymi:
Þorsteinn Helgason, arkitekt FAÍ
Gunnar Örn Sigurðsson, arkitekt FAÍ
Vilborg Guðjónsdóttir, arkitekt FAÍ
Páll Gunnlaugsson, arkitekt FAÍ

Aðstoð:
Guðmundur Ingi Úlfarsson, grafískur hönnuður
Una Eydís Finnsdóttir, arkitekt FAÍ

Umsögn dómnefndar

Tillagan sýnir svæði Háskóla Íslands sem hluta af borgarmyndinni. Í henni er leitast við að sýna heildstæða mynd og þar er gert ráð fyrir blöndun og mikilli þéttingu byggðar. Sýnd er mikil uppbygging á svæðinu og stórir byggingamassar eru brotnir niður en lítt hugað að grænum dvalarrýmum ef frá er talinn „Háskólagarður“ og svæðin í kringum Norræna húsið og Öskju.

Tekið er tillit til þeirrar atvinnu- og menningarstarfsemi sem fyrir er á svæðinu og settar fram tillögur að frekari uppbyggingu. Hins vegar kemur ekki nægilega skýrt fram í tillögunni hvernig uppbyggingu fræðasviðanna (Hugvísindasviðs, Félagsvísindasviðs, Menntavísindasviðs og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs) verði háttað eða tengingu við Heilbrigðisvísindasvið.

Í tillögunni er lögð áhersla á tengsl við fyrirhugaða byggð í Vatnsmýri og þau sýnd á sannfærandi hátt og

gerð er grein fyrir tengingum við miðborg og Vesturbæ. Í tillögunni er gert ráð fyrir tengingum með uppbroti á yfirborði Hringbrautar og undirgöngum. Gott flæði er á milli svæðanna austan og vestan Suðurgötu, sem gerð er að borgargötu, eins og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi Reykjavíkur.


Gert er ráð fyrir bílastæðum víða á svæðinu en í kjöllum á nýbyggingum. Á myndum eru sýnd samgöngukerfi við og innan svæðisins og er um það fjallað að hluta til í greinargerð en myndirnar eru ekki skýrðar og þá vantar að fjallað sé um almenningssamgöngur.

Höfundar nýta sér eldri hugmyndir um skipulag svæðisins og aðlaga þær að núverandi byggð og fyrirbyggjandi skipulagi. Skipulagi Vísindagarða er breytt og gert ráð fyrir að starfsemi þeirra dreifist um allt samkeppnissvæðið.

Í tillögunni er Skeifan aflögð í núverandi mynd án rökstuðnings og gerðar tillögur um „Háskólagarð“ á þessu svæði og nýbyggingar við hann, sem og fyrir aftan Aðalbyggingu. Stúdentagörðum er m.a. komið fyrir inn á milli höfuðbygginga háskólasvæðisins en óheppilegt er að þeim sé komið fyrir á svæðum sem verða að teljast lykilsvæði fyrir kjarnastarfsemi Háskólans. Umhverfissvæðum er einkum lýst í grænu belti sem lendir að stórum hluta utan samkeppnissvæðis. Friðlandið er látið halda sér en þó er gert ráð fyrir uppbyggingu í vesturjaðri þess og verður það að teljast umdeilanlegt.

Grafísk framsetning tillögunnar er nokkuð skýr en skýringar vantar á uppdrætti og sjaldnast er gerður greinarmunur á hvað tilheyrir samkeppnissvæðinu og hvað ekki. Í greinargerð hefði mátt gera skýrari grein fyrir hugmyndum og um leið rökstyðja þær betur.





Tillaga nr. 6, auðkennd 00112

Höfundur: Þorgeir Pálsson

Höfundur:
Þorgeir Pálsson

Umsögn dómnefndar

Tillagan tekur einungis til hluta samkeppnissvæðisins og kemur því ekki til greina til verðlauna.

Í tillögunni er lagt til að sett verði á laggirnar flugsafn í Reykjavík á Fluggarðasvæðinu. Hugmyndin gengur út á að í safninu verði sýnd módel af flugvélum og umhverfi þeirra í stað þess að hýsa og sýna flugvélar í raunstærð.

Tillagan er sett fram með skýrum hætti og er vel rökstudd.





Margar áhugaverðar ljósmyndir eru til frá Reykjavíkurflugvelli á stríðsárunum og eftir að Íslendingar tóku við rekstri hans.



Myndir frá því er Bretar afhentu Íslenska ríkinu Reykjavíkurflugvöll til umráða þann 6. júlí 1946.



Gamlar flugvélar vekja alltaf athygli m.a. vegna þess að þær draga fram þær miklu framfarir, sem urðu á stuttum tíma í hönnun flugvéla.

Samþykki dómnefndar á niðurstöðum

Reykjavík 2. júní 2014


Samþykki dómnefndar á niðurstöðum



Salvör Jónsdóttir, skipulagsfræðingur, formaður.



Trausti Valsson, skipulagsfræðingur og prófessor, Háskóla Íslands.



Anna Dóra Sæþórsdóttir, landfræðingur og dósent, Háskóla Íslands.




Nikulás Úlfar Másson, arkitekt og skrifstofustjóri, Reykjavíkurborg.



Anna María Bogadóttir, menningarfræðingur og arkitekt FAÍ.



Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt FAÍ.



Hlín Sverrisdóttir, landslagsarkitekt FÍLA og skipulagsfræðingur SFFÍ.